



Boðsbréf á 53. þing Norðurlandaráðs ungliða 2024

Verið hjartanlega velkomin á 53. þing Norðurlandaráðs ungliða!

Norðurlandaráð ungliða (UNR) heldur árlegt þing sitt **föstudaginn 25.10.2024 kl. 9.00 til sunnudagsins 27.10.2024 kl. 13.00 í Reykjavík**. Þema þingsins í ár er „Norðurlönd á óvissutímum“.

Þing Norðurlandaráðs ungliða er haldið venju samkvæmt í tengslum við **þing Norðurlandaráðs**. Þingfulltrúar Norðurlandaráðs ungliða geta einnig tilkynnt um áhuga á að sækja þing Norðurlandaráðs sem fram fer í Reykjavík dagana 28.10.-31.10.2024.

Aðildarsamtökum Norðurlandaráðs ungliða og samtökum með áheyrnaraðild er boðið að senda einn fulltrúa hver á þing Norðurlandaráðs ungliða. Þátttökugjaldið er 300 evrur ef skráning fer fram á tímabilinu **1.7-31.7.2024**. Þátttökugjaldið hækkar í 350 evrur ef skráð er á tímabilinu **1.8-12.8.2024**. Þátttökugjaldið er 350 evrur ef skráning fer fram á tímabilinu **13.8-15.9.2024** en þá sjá samtökin sjálf um að útvega gistingu fyrir fulltrúa sinn og greiða fyrir hana. Fæði og gisting í tveggja manna herbergi á meðan þing Norðurlandaráðs ungliða stendur yfir er innifalið í þátttökugjaldi þingfulltrúa auk ferðakostnaðar samkvæmt fylgiskjali. Einnig er innifalin gisting fyrir fulltrúa sem sækja þing Norðurlandaráðs á meðan það stendur yfir. Athugið að greiðsla ferðakostnaðar á eingöngu við um almenna þingfulltrúa, hvorki áheyrnarfulltrúa né aðra gesti.

Samtökum ykkar er heimilt að senda fleiri en einn fulltrúa á þingið ef þess er óskað. Gisting og fæði er innifalið í þátttökugjaldi fyrsta viðbótarfulltrúa. Aðrir viðbótarfulltrúar fá sendan reikning vegna gistingar auk þátttökugjalds.

Skráning fer fram á **rafrænu eyðublaði** sem er að finna á heimasíðu Norðurlandaráðs ungliða, www.unginorden.org, og þarf að berast í tölvupósti þegar skráning opnar **1.7.2024**. Fulltrúar þurfa að skrá sig eigi síðar en 15.9.2024. Skráning er bindandi.

Fresti til að skila ályktunartillögum o.s.frv. er að finna í meðfylgjandi gögnum. Við minnum pólitísk regnhlífarsamtök á kröfuna um að framvísa fundargerð af aðalfundi og þarf hún að berast skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða eigi síðar en í september.

Á Norðurlandaráðsþingi ungliða gefst einstakt tækifæri til að ræða áhugaverð málefni, miðla af reynslu sinni og mynda tengsl við annað ungt fólk á Norðurlöndum sem tekur virkan þátt í stjórnmálum. Um margra áratuga skeið hafa ýmsir ráðamenn búið að reynslu sinni af störfum innan Norðurlandaráðs ungliða og myndað þar mikilvæg tengsl sem hafa nýst þeim vel. Slíkt tækifæri stendur þér til boða ef þú tekur þátt í þingi Norðurlandaráðs ungliða!

Ef eitthvað er óljóst í boðsbréfinu, upplýsingum um þingið eða á skráningareyðublaðinu, hafið þá endilega samband við skrifstofuna í tæka tíð áður en skráningarfrestur rennur út til þess að við getum aðstoðað ykkur. Verið velkomin á þingið!

Fyrir hönd forsætisnefndar Norðurlandaráðs ungliða,

Anders P. Hansen
Forseti

Ina Mickos
Pólitískur starfsmaður